



FORNLEIFAVERND RÍKISINS

Glaumbær 5. des. 2002

Vegagerðin
Gunnar H. Guðmundsson
umdæmisstjóri
Borgarsíðu 8
550 Sauðárkróki

Málefni: Hringvegur í Norðurárdal í Skagafirði.

Á fundi minjavardar Norðurlands vestra með Gunnari H. Guðmundssyni, umdæmisstjóra vegagerðarinnar á Sauðárkróki þann 20. nóv. 2002 og Einari Gíslasyni deildarstjóra framkvæmda þann 25. nóv. 2002, var óskað eftir ábendingum Fornleifaverndar um atriði er ættu að koma fram í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar vegagerðar í Norðurárdal.

Í 10. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 segir: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins“. Samkvæmt lögnum teljast minjar 100 ára og eldri vera fornleifar. Æskilegt er að framkvæmdum sé beint frá minjum eins og kostur er, en heimild til að raska þeim skv. 10. gr. er háð því að fram fari rannsókn á þeim áður.

Skráning menningarminja á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði fór fram sumarið 2000 og annaðist Fornleifastofnun Íslands þá könnun og gaf út í skýrslu; Orri Vésteinsson: *Fornleifakönnun. Hringvegur í Norðurárdal í Skagafirði*, Rv. 2000. Þær veglínur er nú koma helst til álita og athugasemdirnar hér snúast um, eru í ofangreindri skýrslu nefndar veglína B og C. Minjavörður hefur jafnframt fengið í hendur kort er tekur yfir st. 27800 – 31600 og sýnir nokkur frávik frá nefndum veglínum.

Allt frá Skeljungshöfða og út að Kotá (st. 27600) liggja B og C í sömu línu. Við Skeljungshöfða fer línan niður á eyrarnar við Norðurá og eru þar engar minjar þar til hún fer yfir Gvendarnes. Á nesinu eru beitarhús og er rétt að merkja þau þegar framkvæmdir standa yfir á svæðinu. Því næst liggur línan yfir svokallaðar Ketilstaðagrundir er bera nafn af samnefndu býli sem þar stóð, Ketilstöðum. Ekki er vitað með vissu um staðsetningu þess en ljóst er að svæðið er viðkvæmt og líklegt má telja að við framkvæmdir þar komi fornleifar í ljós. Heppilegt gæti verið að fram færi könnun á svæðinu með könnunarskurðum og jafnvel jarðsjármælingum ef kostur er. Að öðrum kosti þyrfti að vakta svæðið meðan framkvæmdir fara fram.

Við Kotá fara veglínurnar að greinast og eru minjar ekki í uppnámi fyrr en komið er að túnumnum við Ytrikot. Þar fer lína B yfir bæjarhólinn (SK – 227:001) og sömuleiðis yfir útihús sem þar eru (SK 227:002-003 og 008-009). Veglina C fer hins vegar um neðsta hluta hins forna túns á Ytrikotum. Heimildir eru um tvö útihús á svæðinu (SK 227:005-006) sem lenda þar í uppnámi. Það er ljóst að frá sjónarhlíði þjóðminja-vörlunnar er veglina C *mun ákjósanlegri kostur*. Talið hefur verið að Ytrikot sé sami bær og kallast Þorbrandsstaðir í miðaldaheimildum. Í skýrslu Fornleifastofnunar segir: „Í Landnámabók er getið um Hökustaði og Þorbrandsstaði í Norðurárdal og beggja jarðanna er getið í Sturlungu og í fornbréfum frá 14. og 15. öld, ... Þorbrandsstaða og Hökustaða sér ekki stað í heimildum eftir siðaskipti en á 17. öld eru í dalnum jarðirnar Ytri- og Fremrikot. Lengi hefur verið ljóst að Ytri- og Fremrikot hljóta að vera sömu bær og Þorbrandsstaðir og Hökustaðir og er helst talið að jarðirnar hafi lagst í eyði um skeið, hugsanlega eftir pláguna síðari 1494“. Á Þorbrandsstöðum bjó samkv. Landnámu Þorbrandur örrekur landnámsmaður, er „lét þar gera eldhús svo mikið, að allir þeir menn, er þeim megin fóru, skyldu þar bera klyfjar í gegnum og vera öllum matur heimill“.

Er menn byggðu úr torfí og grjóti þurftu byggingarnar mikið viðhald og bændur urðu gjarnan að dytta að húsum á hverju sumri. Gjarnan hafa bæirnir staðið á sama blettinum svo óldum skiptir og við endurbýggingu eða viðgerðir einstakra húsa hafa með tímanum hlaðist upp manngerðir bæjarhólar. Hólar þessir geta oft verið um 3 metrar á þykkt og um 30-40 metrar í þvermál. Með fornleifarannsókn má því oft rekja þróun torfbæjanna aftur á miðaldir og geyma slíkir bæjarhólar í sér gríðarlega miklar upplýsingar um sögu þjóðarinnar. Þar sem veglina B liggar í gegnum bæjarhólinn á Ytrikotum auk útihúsa er líklegt að ráðast yrði þar í miklar fornleifarannsóknir sem yrðu bæði kostnaðarsamar og tímafrekar, verði sú veglina fyrir valinu. Það þyrfti hins vegar að byrja á því að láta fara fram forrannsókn á svæðinu til þess að kanna umfang minjanna og hversu heillegar þær eru. Á grundvelli þess yrði svo að taka ákvarðanir um frekari rannsóknir. Þar sem veglina C liggar, neðarlega í túninu, þyrfti einnig að fara fram forrannsókn, þar sem heimildir eru þar um útihús, eða þá að hnika vegarstæðinu til suðurs.

Frá st. 29200 hefur veglina B tekið töluverðum breytingum frá því sem var í fornleifaskránni og liggar hin nýja veglina nokkru sunnar. Engar minjar eru á þeirri leið fyrr en kemur að svokölluðum Hesthúshöfða sunnan við Fremrikot. Um þann stað segir í fornleifaskránni (SK 226:009): „„Á kletthöfða beint niður frá bænum er hálfhrunin hústóft og túnblettur í kring. Þarna heitir Litlatún“, segir í örnefnaskrá. ... Þar sást til skamms tíma hesthústóft fast á bakkanum. ... Engin merki sjást lengur um húsið“. Þar þyrfti að fara fram könnun til að athuga nánar eðli og umfang minjanna. Frá Hesthúshöfða liggar línan yfir Norðurá og á suðurbakkan. Engar minjar eru á þeirri leið fyrr en kemur að Skriðugili (st. 31700). Veglina C fer yfir ána á svokölluðum Flathöfða og eru engar minjar á þeirri leið fyrr en kemur að Skriðugili.

Veglínurnar tvær falla saman á ný skammt austan við Skriðugil en þar þarf að leggja línuna þannig að hún fari ekki yfir landamerkjavörðu (SK 223:010) sem stendur vestan megin við gilið. Á svokölluðum Gulreit milli Skriðugils og Stóralækjar er tóft (SK 202b:001) sem er ca. við st. 31800 og liggar veglínan fast upp við hana. Tóftin er fornleg og gæti verið sel eða jafnvel fornþýli. Mælt er með að veglínunni þar verði hnikað til

norðurs, þannig að syðri vegkantur sé a.m.k. 20 metrum frá minjunum. Merkja þarf staðinn vel og girða af meðan á framkvæmdum stendur. Við austurbakka Stóralækjar er grjóthlaðinn landamerkjagarður (SK 224:003). Erfitt getur reynst að hníka veglinum til þar. Skoða þyrfti það sérstaklega með hvaða hætti mætti leggja þar veginn þannig að það valdi sem minnstum skemmdum á minjunum, hugsanlega með því að hylja hluta garðsins.

Línan liggur því næst í átt að Krókárgerði (SK 224:001) og þarf að gæta að því að ekki sé hróflað við þeim minjum og væri gott að merkja neðri mörk túnsins. Veglinan liggur tölувert sunnan við bæinn, niðri á bökkunum við ána. Sagnir eru um að rústir býlisins Víkur hafi verið greinanlegar þar á bökkunum um 1970, en þar eru nú engar minjar sjáanlegar. Veglinan liggur að mestu á eyrunum neðan við bakkana og því ólíklegt að minjar lendi í uppnámi. Svæðið er hins vegar viðkvæmt og er nauðsynlegt að farið sé um það með gát.

Rétt er að vekja athygli á 13. gr. þjóðminjalaga, en þar segir: „Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum“.

Að lokum er rétt að benda á að Fornleifavernd ríkisins þarf á ný að fá málið til faglegrar umfjöllunar þegar endanleg matsskýrsla liggur fyrir.

Virðingarfyllst,


Þór Hjaltalín
Minjavörður Norðurl. vestra